

Aðalfundur Vistfræðifélags Íslands

03.02.2020

10 ára afmæli félagsins

Fundarstjóri: Starri Heiðmarsson

Aðrir mættir: Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Gísli Már Gíslason, Jón S. Ólafsson, Sandra Granquist, Tómas Grétar Gunnarsson, Edda Elísabet Magnúsdóttir (ritari), Freydís Vigfúsdóttir, Isabel C. Barrio, Filipa Samarra, Skúli Skúlason og Ágústa Helgadóttir

1. Liður:

Ingibjörg Svala fór yfir starfsemi félagsins á liðnu ári en samtals voru haldnir 8 stjórnarfundir. Farið var yfir skipulagsvinnu Oikos ráðstefnunnar og hvernig skipað var í starfsnefndir. Félagsmenn utan stjórnar lögðu mikilvæga vinnu í undirbúninginn ásamt stjórnarmeðlimum. Sérstakar þakkir fær Filipa Samarra sem lagði mikið af mörkum í vinnuna að undirbúningi ráðstefnunnar.

Fjallað var sérstaklega um mikilvægi þess að láta gera merki (logo) fyrir félagið, en það hafði verið markmið þess á liðnu starfsári. Kapp verður lagt í að hefja og ljúka þeirri vinnu á þessu ári. Ný stjórn mun taka það verkefni að sér.

Rætt var stuttlega í samantektinni að félagið stendur vel fyrir ráðstefnu og mun líklega ekki lenda í miklum halla að lokum ráðstefnunnar þar sem félagið hefur hlotið góða styrki sem nýttir verða til að greiða fyrir ýmsa kostnaðarliði ráðstefnunnar.

Að lokum fyrsta liðar var rætt um vægi Vistfræðifélagsins hvað varðar málefni vistfræðinnar í samfélaginu. Félagið hefur með árunum hlotið aukið vægi sem öflug vísindasamtök en óskað hefur verið eftir að félagið eigi þátt í samráði um álitagerð hvað varðar landsáætlun um landnýtingu annarsvegar og skógrækt hinsvegar. Þessi vinnu mun fara af stað á árinu og hefur Ingibjörg Svala lýst áhuga sínum á því að aðstoða við þessa vinnu.

2. Liður:

Gísli Már fór yfir stöðu félagsins. Handbært fé í árslok eru rúmlega 5 milljónir og engar haldbærar skuldir. Af því fara 3,4 milljónir til greiðslu á kostnaði er tengist ráðstefnunni. Félagið ætti því að standa vel að ráðstefnu lokinni

Reikningur var borinn undir félagsmenn og reikningar samþykktir af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Skoðunarmenn hafa samþykkt reikninginn og skrifa undir hann í vikunni.

3. Liður:

Engar tillögur bárust um lagabreytingar og því var stokkið yfir þann lið.

4. Liður:

Kosning til formanns, stjórnar og varastjórnar

Freydís Vigfúsdóttir bauð sig fram sem formann og var kosin með einróma samþykki stjórnar.

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir og Filipa Samarra buðu sig fram til stjórnarsetu sem var kosið með einróma samþykki stjórnar. Jón S. Ólafsson bauð sig fram sem varamann í stjórn og var hann kosinn með einróma samþykki stjórnar. Isabel og Edda sitja áfram sem stjórnarmenn.

5. Liður:

Skoðunarmenn Bryndís Marteinsdóttir og Hildur Magnúsdóttir gáfu aftur kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og samþykkti stjórnin það.

6. Liður:

Ákvörðun árgjalds. Stjórn samþykkir óbreytt árgjald

7. Liður:

Önnur mál

- a) Tómas Grétar kynnti stjórn fyrir breyttu samstarf við Nordic Oikos. Hann fór yfir sögu Nordic Oikos við norrænu vistfræðifélögin. Með auknu samstarfi Vistfræðifélagsins við NSO verða meðal annars breytingar á félagaskrá sem verður nú sameiginleg og á sú skrá að auðvelda miðlun, samskipti og fjármál.

Sameiginleg heimasíða Nordic Oikos verður megin upplýsingaveita, t.d. til auglýsingar á viðburðum, námi og störfum. Vonumst við til að sú heimasíða muni auka gagnsæi þess starfs sem á sér stað innan NSO og norrænu vistfræðifélaganna. Á heimasíðunni eru undirsíður landsfélaganna. Hver félagsmaður skráir sig inn og stofnar sinn eigin reikning (prófil). Þar verður hægt að velja hvaða fréttir félagsmaðurinn kys að fá og mun jafnframt greiða gjaldið til félagsins þar. Tómas talar um að Vistfræðifélagið mun þurfa að breyta félagagjöldunum þannig að það sé það sama og hjá öðrum félögum. Lagt verður upp með að setja heimasíðuna í loftið í júní á þessu ári.

- b) Gísli fékk árnaðaróskir fyrir stórafmælið og hið mikla starf sem hann hefur unnið fyrir NSO á síðustu áratugum og þau 10 ár sem hann hefur setið í stjórn Vistfræðifélags Íslands. Ingibjörg Svala og Tómas Grétar þökkðu sérstaklega fyrir samstarfið og stíga þau nú einnig til hliðar eftir 10 ára farsæla stjórnarsetu. Stjórnin þakkar þeim innilega fyrir vel unnin störf og að hafa lagt svo góðan grunn að þessu sívaxandi félagi.
- c) Nýr gjaldkeri mun þurfa að fá prófkúru fyrir reikningi félagsins og býðst Gísli til að aðstoða við þá vinnu og að sjá um að klára reikninga félagsins þessa árs. Vegna nýrra skattareglna þurfti að skrá félagið upp á nýtt í fyrirtækjaskrá. Nýkosinn formaður mun svo fylla út og skila inn nýjum upplýsingum um stjórnarmeðlimi til ríkisskattstjóra.

Í beinu framhaldi af aðalfundi settist ný stjórn niður og skipti með sér verkum, niðurstaða þess var:

Gjaldkeri: Filipa Samarra og Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir

Ritari: Jón S Ólafsson

Félagaskrá: Isabel Barrio

Vefsíða og félagsmiðlar: Edda Elísabet Magnúsdóttir

Hin ýmsu tilfallandi mál: Starri Heiðmarsson